

2022

Lestrarstefna Barnaskólans í
Hafnarfirði



Efnisyfirlit

Inngangur	3
Um lesfimiþróf	4
Lesfimiþmið	4
Lesfimiþmið (orð/mín).....	4
Markmið með setningu lesfimiþmiða.....	4
Skimanir og íhlutun	5
5 ára kjarnar.....	5
1. bekkur	6
2. bekkur	7
3. bekkur	8
4. bekkur	9
Lestur og lestrartengdir þættir.....	10
Lesfimi	10
Lesskilningur.....	10
Stafsetning	10
Ritun.....	11
Lestrarkennsluáferðir.....	12
Hljóðááferð	12
Leiðbeinandi lestur.....	13
Gagnvirkur lestur.....	13
Lestrarþjálfun	14
Lesfimi	14
Skimanir í Barnaskólum Hjallastefnunnar	15
Leið til læsis skimunarþróf í 1. bekk	15
Lesferill - bakgrunnsupplýsingar	15



Lesfimiþróf	15
Stafabekking.....	15
Lesskilningur.....	15
LOGOS	16
Niðurstöður skimana og prófa	17
Samvinna heimilis og skóla	17
Heimildir.....	19
Viðauki 1.....	20
Tímaás skimana 2022-2023	20



Inngangur

Færni í lestri er grundvallarundirstaða fyrir nám og starf. Hjallastefnan hefur og mun ávallt leggja áherslu á lestrarkennslu. Þjálfun er markviss og þegar grunntækni og færni hefur verið náð er lestri haldið við til að viðhalda þeirri færni sem náðst hefur. Fylgst er náið með framförum hvers barns með skimunum og hraðlestrarprófum jafnt og þétt yfir veturinn.

Lesfimi viðmið eru sýnileg bæði kennurum og foreldrum. Skimanir eru lagðar markvisst fyrir jafnt og þétt yfir veturinn, tímaásskimana má sjá í viðauka 1. Foreldrar fá upplýsingar um niðurstöður og tillögur að íhlutun þar sem það á við. Hafa ber í huga að læsispróun er tengd aldri og þroska en um leið og barn sýnir verulega slakan árangur er því fylgt eftir með þjálfun í grunnþáttum lestrar.

Á 5 ára kjörnum hefst lestrarnám barnanna en þar er byrjað að vinna með stafi og hljóð. Markviss hljóðgreiningarvinna er stór partur af starfinu þar sem börn þjálfast í að ríma, klappa takt í orðum, finna hljóð inni í orðum, æfast í hlustun ásamt fleiri verkefnum. Góð hljóðgreining er grunnur þess að ná tökum á lestri.

Stuðningur foreldra/forráðafólks við lestrarnám barna alla skólagönguna hefur mikil áhrif á hversu vel gengur. Daglegur heimalestur, lestrarhvetjandi umhverfi og góð samskipti geta þar skipt sköpum.

Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla (2011) er lestur lykill að öllu námi og því þarf lestrarkennsla og lestrarþjálfun á öllum stigum að vera skýr, fjölbreytt og markviss. Góð lestrarfærni er nauðsynleg til þess að geta tekið þátt í samfélaginu.

Markmið með lestrarstefnu er að tryggja að lestrarkennsla og þjálfun sé skýr á öllum stigum. Kennarar geta því nýtt sér stefnuna sem vinnuskjal fyrir hvern árgang þannig að börn nái sem bestri lestrarfærni. Lestrarstefna þessi er yfirfarin og uppfærð reglulega.



Um lesfimiþróf

Lesfimiþrófin Lesferill eru stöðupróf sem við nýtum til að meta tvo þætti í lestri barna; leshraða og lestrarnákvæmni. Hér er um að ræða einstaklingspróf sem taka tvær mínútur í fyrirhögn.

Góð lesfimi stuðlar að auknum lesskilningi þar sem hún gefur börnum færi á að beina aukinni athygli að innihaldi textans. Lesfimi samanstendur af þremur þáttum; leshraða, lestrarnákvæmni og lestrarlagi. Ef barn nær ekki góðum tókum á lesfimi verður lestur ónákvæmur og tafsamur. Úthald og einbeiting fer í að umskrá orð, þekking á sjónrænum orðum verður lítil og því þarf barnið að hljóða sig í gegnum orðin staf fyrir staf. Slök lesfimi hefur þar af leiðandi hamlandi áhrif á lesskilning. Lesfimi þarf að þjálfra og viðhalda eins og hverri annarri færni. Leshraði ásamt lestrarnákvæmni hefur því forspárgildi fyrir lesskilning. Á meðan barnið hefur ekki náð fullum tókum á umskráningunni mælast tengslin enn sterkari á milli leshraða og lesskilnings. Barn sem hefur náð góðri færni í lesfimi les og skilur samtímis. Þar af leiðandi er þjálfun sem felur í sér að börn nái góðri færni í umskráningu mjög stór hluti af lestarstefnu skólans. Þá eru niðurstöður lesfimiþrófa vísbending um hvort sú færni sé að aukast eða hvort bregðast þurfi við.

Lesfimi viðmið

Lesfimi viðmið eru sett þannig fram að þau sýna stíganda í færni barna frá einum bekk til annars. Þetta eru almenn viðmið fyrir börn í hverjum árgangi sem endurspeglar þær kröfur sem þau þurfa að mæta á næstu stigum náms. Lesfimi er mæld sem rétt lesin orð á mínútu. Lesfimi viðmið Menntamálastofnunar byggja á stöðlunarfyrlögn lesfimiþrófa sem náði til 5.500 barna.

Lesfimi viðmið (orð/mín)

Viðmið að vori	90%	50%	25%	Lestrarnákvæmni
1. bekkur	20	55	75	
2. bekkur	40	85	100	92-95%
3. bekkur	55	100	120	92-95%
4. bekkur	80	120	145	92-95%

Markmið með setningu lesfimi viðmiða

Markmið með setningu lesfimi viðmiða, ásamt væntanlegum viðmiðum um lesskilning og ritun, er að stuðla að bættu læsi barna og ungmenna í íslensku skólakerfi. Viðmið um læsi barna eru verkfæri fyrir nemendur, kennara og foreldra til að fylgjast með framförum, styðja við læsi og auka þannig líkurnar á því að sem flestir geti aflað sér menntunar í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru í nútímasamfélagi.



Skimanir og íhlutun

5 ára kjarnar

VERKFÆRI	HLJÓM – 2	Stöðupróf
<i>Grunnbættir lestrar</i>	Hljóðkerfisvitund	Stafaþekking
<i>Tímasetning</i>	September/október	Janúar
<i>Þátttaka</i>	Allir í árgangi	Allir í árgangi
<i>Fyrirlögn</i>	Sérkennarar	Kjarnakennarar
<i>Viðbragðsáætlun</i>	Börn sem mælast með slaka samkvæmt stöðlun prófsins fá markvissa þjálfun í þeim þáttum sem þarf hverju sinni.	Námsefni/leikefni valið eftir hvað hentar hverju barni.
<i>Skráning</i>	Heildarniðurstöður eru skráðar og sendar til kennsluráðgjafa á skólaskrifstofu Hafnarfjarðar fyrir lok október.	Skráð í Excel/Word.



1. bekkur

VERKFÆRI	Stöðupróf	Lesfimi	Lesskimun	Lesfimi	Læsi 1 (1.2 og 1.3)
<i>Grunnþættir lestrar</i>	Stafaþekking	Lesfimi	Hljóðkerfis- vitund, lesskilningur, orðaforði, umskráning	Lesfimi	Hljóðkerfis- vitund
<i>Tímasetning</i>	September	September	Október	Janúar, maí	Febrúar, apríl
<i>Þátttaka</i>	Ný börn og þau börn sem þurfa m.v. stöðu á 5 kjarna	Börn sem eru komin með haldgóða þekkingu á hljóðum stafa	Allir í árgangi	Allir í árgangi	Allir í árgangi
<i>Fyrirlögn</i>	Umsjónar- kennarar/ sérkennarar	Sérkennarar	Sérkennarar	Sérkennarar	Sérkennarar
<i>Viðbragðsáætlun</i> <i>Viðmið 1:</i> <i>Hvatning</i> <i>Viðmið 2:</i> <i>Væg inngrip</i> <i>Viðmið 3:</i> <i>Víðtæk inngrip</i>	Námsefni er hæfir getu.	Námsefni er hæfir getu.	Viðmið 1 : Ef barn er í áhættu 3 Viðmið 2 : Ef barn er í áhættu 2 Viðmið 3 : Ef barn er í áhættu 1.	Námsefni er hæfir getu.	Ef barn er undir 80% árangri í febrúar eða undir 66% árangri í apríl skal veitt inngrip við hæfi.
<i>Skráning</i>	Excel/Word	Skólagátt, Mentor og Excel	Skólagátt, Mentor og Excel	Skólagátt, Mentor og Excel	Excel



2. þekkur

VERKFAERI	Lesfimi	Læsi 2.1
<i>Grunnþættir lestrar</i>	Lesfimi	Umskráning, samsett orð, orðalestur, viðhorf til lestrar
<i>Tímasetning</i>	September, janúar, maí	Október
<i>Þátttaka</i>	Allir í árgangi	Allir í árgangi
<i>Fyrirlögn</i>	Sérkennarar	Sérkennarar
<i>Viðbragðsáætlun</i>	Viðmið 1 : Aukin þjálfun heima (30-39 orð/mín)	Ef barn er undir 60% árangri skal veitt inngrip við hæfi.
<i>Viðmið 1:</i>		
<i>Hvatning</i>	Viðmið 2 : Inngrip frá umsjónarkennara og aukin þjálfun heima (20-29 orð/mín)	
<i>Viðmið 2:</i>		
<i>Væg inngrip</i>	Viðmið 3 : Inngrip frá sérkennara ásamt aukinni þjálfun heima (0-19 orð/mín)	
<i>Viðmið 3:</i>		
<i>Víðtæk inngrip</i>	Barn sem er með minna en 92% lestrarnákvæmni skal veitt inngrip við hæfi.	
<i>Skráning</i>	Skólagátt, Mentor og Excel	Excel



3. þekkur

VERKFAERI	Lesfimi	Orðarún	LOGOS
<i>Grunnþættir lestrar</i>	Lesfimi	Lesskilningur, orðaforði	Lesfimi, lesskilningur, umskráning (skimun 1,4,5)
<i>Tímasetning</i>	September, janúar, maí	Janúar, maí	Febrúar
<i>Þátttaka</i>	Allir í árgangi	Allir í árgangi	Börn sem eru undir viðmiðum um lesfimi
<i>Fyrirlögn</i>	Sérkennarar	Umsjónarkennarar	Sérkennarar
<i>Viðbragðsáætlun</i>	Viðmið 1 : Aukin þjálfun heima (45-54 orð/mín)	Ef barn fellur undir slakan eða mjög slakan	Ef barn fellur undir viðmið skv. stöðlun
<i>Viðmið 1:</i>		árangur samkvæmt	prófsins er gerð áætlun
<i>Hvatning</i>	Viðmið 2 : Inngrip frá umsjónarkennara og aukin þjálfun heima (30-44 orð/mín)	stöðlun prófsins skal veitt inngrip við hæfi.	um inngrip við hæfi.
<i>Viðmið 2:</i>			
<i>Væg inngrip</i>	Viðmið 3 : Inngrip frá sérkennara ásamt aukinni þjálfun heima (0-30 orð/mín)		
<i>Viðmið 3:</i>			
<i>Víðtæk inngrip</i>	Barn sem er með minna en 92% lestrarnákvæmni skal veitt inngrip við hæfi.		
<i>Skráning</i>	Skólagátt, Mentor og Excel	Mentor og Excel	Excel



4. bekkur

VERKFAERI	Lesfimi	Orðarún
<i>Grunnþættir lestrar</i>	Lesfimi	Lesskilningur, orðaforði
<i>Tímasetning</i>	September, janúar, maí	Janúar, maí
<i>Þátttaka</i>	Allir í árgangi	Allir í árgangi
<i>Fyrirlögn</i>	Sérkennarar	Umsjónarkennarar
<i>Viðbragðsáætlun</i>	Viðmið 1 : Aukin þjálfun heima (70-79 orð/mín)	Ef barn fellur undir slakan eða mjög slakan árangur samkvæmt stöðlun prófsins skal veitt inngrip við hæfi.
<i>Viðmið 1:</i>		
<i>Hvatning</i>	Viðmið 2 : Inngrip frá umsjónarkennara og aukin þjálfun heima (55-69 orð/mín)	
<i>Viðmið 2:</i>		
<i>Væg inngrip</i>	Viðmið 3 : Inngrip frá sérkennara ásamt aukinni þjálfun heima (0-55 orð/mín)	
<i>Viðmið 3:</i>		
<i>Víðtæk inngrip</i>	Barn sem er með minna en 92% lestrarnákvæmni skal veitt inngrip við hæfi.	
<i>Skráning</i>	Skólagátt, Mentor og Excel	Mentor og Excel



Lestur og lestrartengdir þættir

Lestur og lestrarkennsla er ferli sem er í þjálfun alla skólagönguna. Lestur byggir á samspili margra þátta sem eru nauðsynlegir til að túlka og skilja ritmál. Grunnur að góðri lestrarfærni er lagður á fyrstu æviárum barns. Því betri sem málproski barns er, því betur er það í stakk búið til að takast á við lestrarnám (Steinunn Torfadóttir, e.d. a).

Lesfimi






Lesfimi er sjálfvirk samhæfing á umskráningu, orðaþekkingu og lesskilningi, þannig að lestur verði bæði nákvæmur, hraður og sjálfvirkur. Nákvæmni felst í að lesa rétt en sjálfvirkni í því að þekkja framburð og merkingu ritaðs orðs um leið og það ber fyrir augu, fyrirhafnarlaust og án þess að þurfa einbeitingu við umskráningu (Helga Sigurmundsdóttir, e.d. a). Ef barn nær ekki góðum tókum á lesfimi er hættu á að það muni síðar eiga í erfiðleikum með lesskilning þar sem mikil orka fer í að umskrá textann (National Reading Panel, 2000; Hoover og Gough, 1990; Hulme og Snowling, 2009)

Lesskilningur

Lesskilningur er færni sem byggir á orðaforða og málskilningi einstaklings. Um er að ræða hæfni til að skilja texta frá ólíkum sjónarhornum, samhengi og tilgangi með mismunandi markmið í huga. Lesskilningur vísar til skilnings og endurheimt á því sem börn lesa (Burn, Griffin og Snow.,1998).

Stafsetning

Til að geta stafsett rétt þurfa börn að geta sundurgreint öll hljóð þeirra orða sem þau skrifa. Barn lærir bókstafina og hljóð þeirra á sama tíma og það þarf að gera greinamun á framburði og rithætti. Samkvæmt rannsóknum byggir góð stafsetningarhæfni á mörgum mál- og málfræðilegum þáttum eins og þekking og meðvitund á:

-  Hljóðkerfi málsins.
-  Rithætti.
-  Merkingu.
-  Morfemum (minnsta merkingarbæra eining máls) sem fela í sér þekkingu á málfræðilegri uppbyggingu orða.
-  Ritháttarmyndum og ritháttareiningum sem viðkomandi einstaklingur hefur fest í minni sínu gegnum tíðina.

Þessir þættir eru forsenda góðrar stafsetningar en einnig góðrar lestrarfærni (Helga Sigurmundsdóttir, e.d. b).







Ritun

Ritun er kennd í nánu samhengi við lestur og stafsetningu þar sem ferli þeirra þróast samhliða og styðja hvert annað. Ritun leiðir til meiri lesturs, ýtir undir lesskilning og að börn tjái hann með eigin orðum og því skapast tengsl milli hins þekktá og óþekktá sem myndar svo aftur grundvöll að nýrri þekkingu. Námsumhverfið er skipulagt þannig að það stuðli að áhuga fyrir ritun og sýni að kennari hafi trú á að börn geti þróað skrif sín.

Ritunarferlið samanstendur af fjórum þáttum:

1. Tílefni ritunar og form.
2. Skipuleggja upplýsingar sem sóttar eru í þekkingu barna og ákveða hvernig hægt er að setja þær fram.
Undirferlar skipulagsstigsins felast í að:
 - ákveða hvaða upplýsingar eiga við og sækja þær í langtímaminni
 - skipuleggja upplýsingar sem sóttar voru
 - setja markmið fyrir textann og viðmið til að meta hann
 - ákveða aðferðir eða hvernig á að vinna til að geta lokið verkinu.
3. Vinnsla (við skrifin þarf að velja orð og fyrirkomulag sem hentar tilgangi verksins).
4. Endurmat (textinn er metinn og lagaður til að gera hann betri).

Hver þessara þátta þarfnast meðvitaðra aðferða:

-  Undirbúningur – börn séu meðvituð um tilgang skriftanna, fyrir hvern er skrifað og hvað þarf að kunna til þess að vinna verkið.
-  Skipulag – barn verður að búa yfir aðferðum til að skipuleggja uppbyggingu, flokka hugmyndir og efnisþætti og búa til fyrirsagnir.
-  Framsetning – barn verður að geta flokkað saman eftir efni, raða því rétt eftir efnisgreinum og kaflaskipan, séð hvar þarf að bæta inn hugmyndum og rökstyðja þær.
-  Endurmat – barn verður að geta fylgst með hvort það fylgi áætlunum, hvort skipulag og fyrirhugaður tilgangur hafi náðst.

Börn þurfa að læra að nota ritunaraðferðir og geta fylgt þeim eftir með sjálfstæðum hætti. Einnig þurfa þau að fylgjast með framförum sínum, læra af mistökum og lagfæra þau (Steinunn Torfadóttir og Helga Sigurmundardóttir, e.d.).



Lestrarkennsluaðferðir

Fjölbreyttir kennsluhættir eru mikilvægir í öllu skólastarfi og ekki síst hvað varðar lestrarkennslu. Kennarar koma til móts við einstaklingsþarfir barna og skipuleggja hópatíma sem og stuðning út frá niðurstöðum skimana. Hljóðaaðferð er sú kennsluaðferð sem er í forgrunni í öllum skólum Hjallastefnunnar. Börn nema á misjafnan hátt og því er mikilvægt að kennarar nýti sér fjölbreytta kennsluhætti. Hér á eftir verður fjallað lítillega um þær kennsluaðferðir og kennsluhætti sem kennarar Hjallastefnunnar styðjast við.

Hljóðaaðferð

Undirstöðuatriði hljóðaaðferðarinnar er að börn skilji að bókstafir tákni hljóð orða í talmáli. Helsti kostur aðferðarinnar er að börn læra skilvirka tækni til að lesa stöðugt ný og ný orð sem koma fyrir í texta. Helstu aðferðir við kennslu umskráningar geta falist í eftirfarandi aðferðum.

Samtengjandi og sundurgreinandi aðferð

Börn læra heiti bókstafa, hljóð þeirra og hvernig þau eru tengd saman í orð. Fljótalega geta börn lesið stutt orð og einfalda texta sem innihalda þá stafi sem þau eru búin að læra. Barn segir hljóð stafanna í orðunum með því að *hljóða sig í gegnum orðin*. Þetta kallast að umskrá orðið, en það felur í sér að barnið verður að geta aðgreint (sundurgreint) öll hljóðin sem eru í orðinu til að greina hljóð þess.

Sundurgreinandi og samtengjandi aðferð

Hér er unnið með tengsl bókstafa og hljóða gegnum ritun. Barn lærir að skrá orð með bókstöfum og skynjar um leið að orðin hafa hljóð sem hægt er að tákna með bókstöfum (sundurgreining). Barnið les orð sem það skrifar (samtenging).

Greining orðhluta





Hér vinnur barnið að því að finna orð sem hafa sama stafamynstur og læra utan að hvernig þetta stafamynstur hljómar og geta sagt það án þess að hika þegar það birtist í texta (Steinunn Torfadóttir, e.d. b).



Leiðbeinandi lestur

Leiðbeinandi lestur er formföst lestraraðferð sem er aðlöguð að börnum í litlum hópum þar sem kennari er virkur leiðbeinandi. Þegar kennt er eftir þessari aðferð er kennari með lítinn hóp barna sem er staddur á svipuðum stað í lestrarnáminu. Þessi aðferð hefur reynt vel til að þjálfa lesfimi hjá fjölbreyttum barnahópi þar sem hún felur í sér alla þætti sem einkenna góða lesfimiþjálfun. Það er fyrirmynd, endurtekning og markviss leiðbeining (Steinunn Torfadóttir, 2011).

Leiðbeinandi lestur:

-  Ýtir undir jákvætt hugarfar til lesturs með hvatningu til umræðna.
-  Aðstoðar kennara við mótun á lestrarvenjum barna.
-  Eykur tækifæri á stuðningi við hvert barn eftir þörfum.
-  Styrkir gagnrýna hugsun barna við lestur á ólíkum textum.

Gagnvirkur lestur

Með gagnvirkum lestri er verið að kenna fjóra þætti sem fara fram í hópakennslu en þeir eru að:

1. Taka saman meginatriði efnisins.
2. Spyrja spurninga um hugmyndir og efni textans.
3. Leita skýringa þegar skilning vantar eða eitthvað er óljóst.
4. Spá fyrir um framhald texta.

Börn læra að taka saman meginatriðið til að greina markverðustu atriði texta en einnig að spyrja spurninga um efnið á mismunandi vegu. Tilgangur þess er að sjá hvort barn hafi skilið og fest í minni það sem mikilvægt er að muna úr textanum. Útskýring á texta krefur börn um að taka eftir orðum eða hugtökum sem þau skilja ekki og leita skýringa. Þegar barn er beðið um að spá fyrir hvað gerist næst þarf það að rifja upp allt sem það veit um efnið. Síðan er lesið áfram til að sannreyna, afsanna eða endurskoða tilgátuna. Þessir þættir auka skilning og gefa lesara tækifæri til að fylgjast með skilningi sínum (Anna Guðmundsdóttir, 2007)










Lestarpjálfun

Lestarpjálfun er mikilvægur þáttur í lestrarnámi barna. Því er mikilvægt að börn lesi upphátt bæði heima og í skóla að minsta kosti fimm sinnum í viku. Hlutverk foreldra/forráðafólks er mikilvægt í lestrarnámi barna sinna en hlutverk þeirra í lestrarþjálfuninni er fyrst og fremst að fylgja eftir heimalestri.

Lesfimi

Lesfimi er samsett færni sem felst í leshraða, lestrarnákvæmni, áherslum og hrynjandi í lestri. Fjölmargar rannsóknir sýna að sterk tengsl eru milli lesfimi og lesskilnings og með því að bæta lesfimi barna eflist lesskilningur jafnframt. Börn með góða lesfimi hafa góðan sjónrænan orðaforða. Þau eiga jafnframt auðvelt með að mynda tengsl milli lesefnis og eigin þekkingar og reynslu til að skilja orðin og textann. Ekki er að fullu ljóst hvernig tengslum sjálfvirkni og hljóðkerfisvitundar er háttað, hvort sjálfvirkni er einn þáttur hljóðkerfisins eða hvort þessi færni þróast sjálfstætt, óháð þróun hljóðkerfisvitundar. Hins vegar er vitað að lesfimi hefur mikilvægu hlutverki að gegna fyrir árangur í lestri og þess vegna þarf að þjálfra sjálfvirkni í öllum þáttum lestrarferlisins, strax frá byrjun (Helga Sigurmundsdóttir og Steinunn Torfadóttir, e.d.).

Hægt er að æfa lestur á misjafnan hátt og mikilvægt að finna hvað hentar hverjum og einum. Hér má sjá misjafnar leiðir í lestrarþjálfun:




-  Raddlestur, barn les upphátt fyrir hlustanda.
-  Hljóðlestur, barn les í hljóði.
-  Skiptilestur, barn og fullorðinn lesa til skiptis.
-  Endurtekinn lestur, sami texti lesinn oftari en einu sinni.
-  Býflugnalestur, hópur barna les texta upphátt.
-  Mínútulestur, barn les texta og tími er tekinn. Skráð er hversu mörg orð það les rétt. Niðurstöður eru færðar inn í töflu þar sem framfarir verða strax sýnilegar.
-  Víxllestur, barn sem á að lesa reiprennandi, þarf fyrst að heyra hvernig texti er lesinn lipurt. Því er mikilvægt að kennari/foreldri lesi textann fyrst upphátt fyrir barnið og sýni þar með hvernig framsögn og áherslur eigi að vera.



Skimanir í Barnaskólum Hjallastefnunnar

Leið til læsis skimunarpróf í 1. bekk

Lesskimun er lögð fyrir í október þar sem prófaðir eru þættir sem leggja grunn að lestrarnáminu. Þeir þættir sem prófaðir eru:

-  Málskilningur og orðaforði.
-  Bókstafa- og hljóðþekking.
-  Hljóðkerfis- og hljóðavitund.

Með lesskimun af þessu tagi er kennurum gert kleift að sjá hversu vel börn eru undirbúin til að takast á við lestrarnám áður en eiginleg lestrarkennsla hefst að hausti í 1. bekk. Með skimunarprófinu fylgir handbók með kennsluleiðbeiningum sem unnið er eftir út frá niðurstöðum skimunar. Því er hægt að koma til móts við börn eftir því hvernig styrk- og veikleikar þeirra birtast í hverjum þætti. Sérkennarar leggja skimunina fyrir ásamt því að njóta aðstoðar umsjónakennara sé þess þörf.

Lesferill - bakgrunnsupplýsingar

Að hausti eru sendir heim gátlistar með börnum í 1. bekk sem foreldrar/forráðafólk fylla út og skila til skóla. Í gátlistanum eru spurningar er varða mikilvæga undirstöðupætti tengda lestrarnámi. Foreldrar fá því tækifæri til að koma á framfæri upplýsingum sem geta skipt máli fyrir komandi lestrarnám barna sinna.

Lesfimiþróf

Með lesfimiþrófum er leshraði metinn með raddlestri á samfelldum texta. Lesfimi er hæfni barns til að lesa texta bæði hratt og af nákvæmni. Til að ná færni í lesfimi er mikilvægt að barn hafi náð góðum tókum á sjónrænum orðaforða. Markmiðið með lesfimiþrófum er að fylgjast með framförum og þróun lestrar hjá börnum í þeim tilgangi að grípa sem fyrst inn í ef þau sýna ekki eðlilegar framfarir. Mikilvægt er að fylgjast náið með framvindu þegar stuðningur er veittur og fylgja eftir kennsluáætlunum fyrir einstaka barn.

Stafaþekking

Að hausti í 1. Bekk eru lagðar fyrir stafafekkingarkannanir. Umsjónarkennari kannar hvaða stafi og hljóð barn þekkir. Þegar niðurstöður liggja fyrir getur kennari skipulagt kennslu út frá stöðu einstakra barna.

Lesskilningur

Orðarún er staðlað lesskilningspróf sem lagt er fyrir frá 3. Bekk. Prófað er tvisvar yfir árið í janúar og í maí. Kannað er hversu vel börn skilja meginefni texta, átti sig á staðreyndum, lesi á milli lína og álykti út frá texta. Niðurstöður



gefa til kynna hvernig til hefur tekist í námi og kennslu og er því leiðbeinandi hvað varðar næstu skref í námi barna.

LOGOS

LOGOS lestrargreiningarpróf er staðlað annars vegar fyrir einstaklinga í 3. – 5. Bekk og hins vegar fyrir 6. – 10. Bekk og fullorðna. Greiningarprófið er notað til skimunar í 3. Bekk og eru eftirfarandi prófþættir lagðir fyrir:

1. Leshraði og lesskilningur.
2. Lestur með hljóðaaðferð.
3. Lestur út frá rithætti.

Niðurstöður prófsins gefa til kynna hvort að vandi er til staðar og hvar hann liggur. Einnig geta niðurstöður gefið til kynna ef barn á í málvanda og þá er því vísað áfram til talmeinafræðings. Prófið er einstaklingspróf og er unnið í tölvu.



Niðurstöður skimana og prófa

Deildarstjóri stoðþjónustu sér um að halda utan um niðurstöður skimana og fara yfir þær með umsjónarkennurum og kynna þær fyrir skólustjórnendum. Umsjónarkennarar upplýsa foreldra um lestrarfærni barns. Umsjónarkennari setur inn íhlutun hjá þeim börnum sem þess þurfa í samráði við deildastjóra og foreldra/forráðafólk. Ef barn sýnir ekki framfarir þrátt fyrir að íhlutun hafi átt sér stað ásamt aukinni lestrarþjálfun heima getur verið þörf á frekari greiningu á vanda barns. LOGOS og *Hljóðfærni-prófanir* eru í höndum deildastjóra stoðþjónustu sem skilar niðurstöðum á fundi með foreldrum/forráðafólk og umsjónarkennara.

Samvinna heimilis og skóla

Mikilvægt er að foreldrar/forráðafólk og skóli vinni saman í því ferli sem lestrarnám er. Þjálfunin er sameiginlegt verkefni skóla og heimilis og því mikilvægt að barn lesi upphátt bæði heima og í skóla á degi hverjum. Heimalestur er ávallt á ábyrgð foreldra/forráðafólks sem hlusta á raddlestur (lesa upphátt) barna sinna.

Markmið með heimalestri er að börn auki leshraða og bæti við orðaforða og málskilning. Þegar barn les heima er mikilvægt að skapa rólegt og afslappað umhverfi, gæta þess að ekki séu truflanir í umhverfinu og að forráðamanskja veiti barninu fulla athygli. Í kjölfar lesturs er mikilvægt að ræða innihald textans og ræða um orð sem reynast barninu erfið ásamt því að kvitta fyrir lesturinn. Markviss skráning á heimaslestri veitir mikilvægar upplýsingar um ástundun, virkni og viðhorf barna til lestrar. Áhugasvið barna er fjölbreytt og í samráði við kennara er mikilvægt fyrir foreldra/forsjáraðila að mæta þeirri áskorun heima.

Þarfirnar eru ólíkar og því eru engin ráð tæmandi þegar þau eru veitt en hér eru þó nokkur sem hafa/geta reynst vel þegar barn les heima :

- 1. Velliðan er mikilvægari en lengd texta og/eða mínútur**
- 2. Veljið texta í hæfilegri þyngd - Of þungur texti eykur líkur á niðurbroti**
- 3. Hrósið fyrir litlu sigrana - Þeir eru stóru sigrarnir**
- 4. Veljið umhverfi sem hentar**
- 5. Veljið líkamsstöðu sem hentar**
- 6. Endurtekning er góður kostur**
- 7. Vöndum vel hvenær við leiðréttum barnið**
- 8. Lesið fyrir barnið**
- 9. Sýnilegur árangur - stutt bók og/eða textabrot sem klárast**
- 10. Þú ert sérfræðingurinn í þínu barni - ekki vanmeta það**



Lestur fullorðinna fyrir börn er mikilvægur hlekkur í lestrarnámi þess þar sem barnið fær lestrarfyrirmynd og því er nauðsynlegt að lesa áfram fyrir börn þó þau séu farin að lesa sjálf.



Heimildir

Anna Guðmundsdóttir. (2007). Lesið til skilnings. Sótt af http://vefir.nams.is/lesid_til_skilnings/lesidtilskilnings_klb.pdf

Helga Sigurmundsdóttir. (e.d. a). Lesfimi. Sótt af <http://lesvefurinn.hi.is/node/209>

Helga Sigurmundsdóttir. (e.d. b). Kennsluaðferðir - stafsetning. Sótt af http://lesvefurinn.hi.is/kennsla_stafsetning

Helga Sigurmundsdóttir og Steinunn Torfadóttir. (e.d.). Kennsluaðferðir - ritun. Sótt af <http://lesvefurinn.hi.is/node/181>

Lesvefurinn. (e.d.). Félagalestur. Sótt af <http://lesvefurinn.hi.is/node/237>

Snow, C.E., Burns, M.S., Griffin, P. (1998). *Preventing Reading Difficulties in Young Children*. Washington, DC. National Academy Press.

Steinunn Torfadóttir. (e.d. a). Þróun læsis. Sótt af <http://lesvefurinn.hi.is/node/134>

Steinunn Torfadóttir. (e.d. b). Hljóðaaðferð. Sótt af <http://lesvefurinn.hi.is/hljodaadferd>

Steinunn Torfadóttir (2011). Er hægt að veita öllum börnum kennslu við hæfi? Stigskipt kennsla (RTI) Í Steinunn Torfadóttir (ritstjóri). *Leið til læsis. Lesskimun fyrir fyrsta bekk grunnskóla. Handbók (35-44)*. Reykjavík: Námsmatsstofnun.

.



Viðauki 1

Tímaás skimana 2022-2023

	6 ára		7 ára
September	Stafaþekking, Lesfimi	September	Lesfimi
	Gátlistar - LtL		
Október	Lesskimun	Október	Læsi 2-1
Nóvember	Stafaþekking -eftirfylgni	Nóvember	Lesfimi – eftirfylgni
Janúar	Lesfimi	Janúar	Lesfimi
Febrúar	Læsi 1-2	Febrúar	
Mars	Lesfimi – eftirfylgni	Mars	Lesfimi – eftirfylgni
Apríl	Læsi 1-3	Apríl	
Maí	Lesfimi	Maí	Lesfimi

	8 ára		9 ára
September	Lesfimi	September	Lesfimi
Október		Október	
Nóvember	Lesfimi - eftirfylgni	Nóvember	Lesfimi - eftirfylgni
Janúar	Lesfimi	Janúar	Lesfimi
	Orðarún		Orðarún
Febrúar	LOGOS skimun	Febrúar	
Mars	Lesfimi - eftirfylgni	Mars	Lesfimi - eftirfylgni
Apríl	Framsögn	Apríl	Framsögn
Maí	Lesfimi	Maí	Lesfimi
	Orðarún		Orðarún